

81 unar í Múlasýslum; en þar sem Múlasýslurnar eru tvö sýsluffelög, er hvort um sig hafa
25. júní. sinn sjóð, er sýslunefnd hvors fjelagsins hefir umráð yfir, verður hvor sýslunefndin fyrir sig, eptir þar um gjörðri löglegri ákvörðun samkvæmt sveitastjórnarlögunum að beiðast tiltekinnar fjárupphæðar að láni úr landssjóði og skuldbinda sig til að endurborga þá upphæð með lögformlegu skuldabryfi, er afhent verði jafnframt því, að lánið verði útborgað úr jarðabókarsjóðnum.

82 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lög-
27. júní. gildingu handa umboðsmönnum lögreglustjóra við skipaafgreiðslu. — Þjer hafið, herra amtmáður, með þóknanlegu brjefi 22. f.m. sent mjer sýnishorn af umburðarbrjefi, er þjer að fyrirlagi mínu hafið látið út ganga til lögreglustjóra þeirra, sem undir yður eru gefnir, útaf brjefi ráðgjafans 2. s. m., viðvíkjandi kærum Færeyinga yfir ýmsum ákvörðunum í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. fl., og um leið hafið þjer beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort eigi nægi, að lögreglustjórar gefi umboðsmönnum sínum á hinum löggiltu kauptúnnum umboð sitt til að takast á hendur skipaskjalageymslu þá, sem um er rætt í brjefinu, eða hvort amtið eigi beinlínis að löggilda umboðsmennina til þessa sjerstaklega með nýrri löggildingu.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að jeg álít það nægilegt, sem þjer hafið gjört í umburðarbrjefinu, að fela lögreglustjórunum að gefa löggiltum umboðsmönnum þeirra umboð til skjalageymslunnar, án þess að til þess þurfi nýrrar löggildingar af amtinu.

83 Brjef landshöfðingja til G. Emil Unbehagen um leyfi til að flytja á land út-
2. júlí. lent kvikfje. — Útaf brjefi yðar, 30. f. m., skal yður hjer með til vitundar gefið, að sem stendur get jeg eigi gefið leyfi til, að skepnur þær, er um getur í brjefi yðar, verði fluttar á land; en ef þjer sannið það með vottorði frá dýralækni, að skepnur þessar sju fullkomlega heilbrigðar, og skýrið mjer frá, hvert þær, að fengnu samþykki hlutadeigandi jarðeiganda, óskast fluttar á land, og sömuleiðis hvað þjer getið gjört til tryggingar því, að þeim verði haldið útaf fyrir sig og tilhlýðilega gætt, þá getur það komið til íhugunar seinna meir, hvort hið umbeðna leyfi geti orðið veitt.

Reikningar

sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1882.

Tekjur.		kr.	aur.	kr.	aur.
1.	Eptirstöðvar eptir reikningnum 1881.				
	a. Fyrirfram borgað úr sjóðnum	16	90		
	b. í peningum	1185	99	1202	89
2.	Samkvæmt brjefi amtsráðsins 17. desbr. 1881 var 16 aurum jafnað niður á hvert lausafjórðungi í				
	Flyt			1202	89